Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bnr. 0.8 K/S 1.11.17
Ábm.
Svfr.
Afgr. Fundur ( )Bréf ( )St.
Lvm.
Trm.

Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita

Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Sími 480 5550
www.utu.is

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur**
**Árnesi**
**801 Selfoss**

Laugarvatni, **30.10.2017**
Tilvísun: *1704045 SB*

**Efni: Árnes: Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Breyting á landnotkun: Aðalskipulagsbreyting**

Á fundi skipulagsnefndar þann 27. október 2017 var erindi þitt tekið fyrir og hlaut það eftirfarandi afgreiðslu:

> *Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu á aðalskipulagi innan þéttbýlisins Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem felst í að íbúðarsvæði við enda Bugðugerðis stækkar, þjónustusvæði Þ4 við Skólabraut (leikskólalóð) breytist í íbúðarsvæði, svæði fyrir verslun- og þjónustu (lóð Nónsteins merkt V3) stækkar auk þess sem opið svæði til sérstakra nota minnkar. Tillagan var auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi svæðisins þann 31. ágúst 2017 með athugasemdafresti til 13. október. Eitt athugasemdabréf barst á kynningartíma.*

> *Skipulagsnefnd mælir með að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt óbreytt og skipulagsfulltrúa falið að vinna umsögn um athugasemd sem lögð verður fyrir þegar málið verður tekið fyrir í sveitarstjórn.*

Samþykkt skipulagsnefndar hefur verið send viðkomandi sveitarstjórn til staðfestingar.
Sá fyrirvari er á þessari tilkynningu um samþykkt skipulagsnefndar að sveitarstjórn staðfesti hana á næsta fundi sínum.

**Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlega hafið samband við embættið.**

Virðingarfyllst,

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Skipulagsfulltrúi

Sigrún Birgisdóttir

Sigrún Elín Birgisdóttir
Ritari skipulagsfulltrúa